
Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Spretts 2013

SPRETTUR | HESTAMANNAFÉLAG
KJÓAVÖLLUM

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Dagskrá Æskulýðsnefndar 2013	3
Jólaball / upphafshátíð.....	4
Vetrarleikar/mót	4
Námskeiðahald.....	5
Pollanámskeiðið	5
Krakkanámskeiðið	5
Keppnisnámskeið	6
Knapamerki	6
Sirkusnámskeið	7
Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur	8
Æskan og hesturinn.....	8
Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi).....	9
Æskulýðsmót Spretts 1. Maí.....	10
Wild Country reiðtúr og grill	11
Lokaorð.....	12

Samantekt

Æskulýðsnefnd Spretts fór á fullum krafti af stað með fyrsta starfsár sitt og hóf starfið á upphafshátið með jólaballí. Að vanda var lögð áhersla á að vera með viðburði sem henta öllum aldurhópum æskunnar og áhugasviði. Hvoru tveggja fyrir keppnisandann og almenna reiðmennsku.

Dagskrá vetrarins var metnaðarfull, að þessu sinni sá fræðslunefnd alfarið um námskeiðahald, sem voru vel sótt og hentuð flestum.

Æskulýðsnefnd Spretts skipuðu árið 2013

Sigríður Óladóttir

Ásta Sóley Karlsdóttir

Jórunn Magnúsdóttir

Petra Björk Mogesen

Sigrún Valþórsdóttir

Sigurður H Ólafsson

Tryggvi Þór Ágústsson

Dagskrá Æskulýðsnefndar 2013

3. jan. Upphafshátið - Jólaball

9. jan. Knapamerkjanámskeið hefjast

11. feb. Æfingar fyrir „Æskan og hesturinn“ hefjast

19. feb. Vísindaferð

5. mars. Krakkadagurinn, fyrirlesari kemur

26. mars. Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)

7. apríl. Sýningin „Æskan og hesturinn“

1. maí. Æskulýðsmót Spretts

11. maí. Wild Country reiðtúr og grill

Haust. Uppskeruhátið

Jólaball / upphafshátið

Æskulýðsnefnd hélt jólaball ásamt Fjallabræðrum fyrir æskuna okkar og aðstandendur þeirra. Buðum upp á pizzur og safa og kynntum dagskrá vetrarins. Mikill fjöldi mætti og þetta var mjög skemmtilegt jólaball sem tókst vel.



Mynd 1 – Mikil gleði og mannfögnum á fyrsta Jólaballi sameinaðs félags

Vetrarleikar/mót

Haldnir voru 3 vetrarleikar og var þátttaka æskunnar glæsileg. Mótið var mótaröð og talið til stiga fyrir hvert mótt og svo sameiginlegir meistarar verðlaunaðir í lokin. Pollarnir og börnin keptu ávallt inní reiðhöll að Kjóavöllum, en unglingsar og ungmanni úti á velli.



Mynd 2 – Keppendur í unglingsflokk

Námskeiðahald

Æsku- og Fræðslunefnd Spretts stóðu í sameiningu fyrir eftirfarandi námskeiðum:
Pollanámskeið fyrir yngstu börnin , krakkanámskeið, knapamerki 1 – 5 og
keppnisnámsskeið

Reiðkennararnir Henna Sirena, Róbert Pedersen o.fl. sáu um kennsluna s.l. veturn ásamt Erlu Guðný Gylfadóttur og Jón Guðmundssyni.

Garðabær styrkti æskulýðsstarfið rausnarlega og var stór hluti af því notaður til að niðurgreiða námskeiðin.

Pollanámskeiðið

Pollanámskeið voru ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og annað í apríl. Hvort námskeið var í 6 skipti.



Mynd 3 – Glæsilegir pollar á vetrarleikum eftir góðann undirbúning frá pollanámskeiði

Krakkanámskeiðið

var ætlað þeim sem lengra eru komnir en hafa ekki aldur til að fara á knapamerkjánámskeið, en lágmarksaldur þar er 12 ára. Námskeiðið var í 6 skipti í janúar og apríl.

Þátttakendur á þessum námskeiðum og aðstandendur þeirra voru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulag og kennsluna. Erla Guðný sá um kennsluna á þessum námsskeiðum.



Mynd 4 – Upprennandi knapar á krakkanámskeiði

Keppnisnámskeið

Var fyrir börn, unglings og ungmenni í Sprett og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Námskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í reiðhöllinni að Kjóavöllum.

Þar sem fyrirkomulag þessara námskeiða í fyrra þótti takast mjög vel var ákveðið að hafa það eins í ár. Byrjað var með að kenna í þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingslega og fékk hver þáttakandi þá 20 mín einu sinni til tvisvar sinnum vikur. Kennrar fylgdu þeim sem þess óskuðu á Líflandsmótíð, Reykjavíkurmeistaramóti og Æskulýðsmót Sprett og voru þeim til aðstoðar.

Knapamerki

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í veturn. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni.

Það voru sex sem tóku knapamerki 1, fimm kláruðu knapamerki 2, sex sem luku knapamerki 3, og þrjár stúlkur kláruðu knapamerki 5. Allir þessir nemendur stóðu sig mjög vel.

Þess má geta að hæsta prófið í ár í Knapamerki 5 tók Sprettarinn Arnar Heimir Lárusson á hryssunni þokkadísi frá Efra Seli en fast á hæla honum var Valdís Björk Guðmundsdóttir á hestinum Sigursveini frá Svignaskarði. Reiðkennari Arnars var Róbert Petersen og tók hann prófið hjá Hestamannafélaginu Spretti.



Mynd 5 – Arnar Heimir verðlaunaður á Íslandsmótinu á Akureyri

Sirkusnámskeið

Haldið var Sirkus námskeið með Ragnheiði úr Mosfellsbæ sem kennara og sóttu krakkarnir það einnig og skemmtu sér vel.



Mynd 6 – Hafþór Birgisson einbeittur á Sirkusnámskeiði

Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur

Æskan var duglega að og fjölmenn í hópreið hestmanna um miðbæ Reykjavíkur og frábær fyrirmund fyrir hönd Hestamannafélagsins Spretts.



Mynd 7 – Æskan á öllum stigum í Hópreiðinni

Æskan og hesturinn

Æfingar fyrir Æskuna og hestinn hófust í feb. og sáu Erla Guðný og Jón Guðmundsson bæði um æfingarnar og sýningarátriðin sem og búninga. Krakkar og foreldrar hittust eitt kvöld í félagsheimilinu og útbjuggu búninga á sig og hestana sína. Þema atriðisins var ABBA með ljósum hárkollum og glimmeri.

Yngra atriðið var sameiginleg töltslaufa ca 9-12 ára krakka af höfuðborgarsvæðinu og tókst það einnig stórvél.



Mynd 8 – Flottir krakkar úr Spretti á Æskunni og Hestinum

Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)

Á föstudaginn langa var góð mæting af krökkum á öllum aldri í allskonar grímubúningum með hesta í fullum skrúða. Þrautabrautin var lík smalabraut, skipt var í aldursflokkum og keppt var um besta tímann og flottasta búninginn. Páskaegg í mismunandi stærðum voru í verðlaun en allir fengu lítil egg í þátttökuverðlaun.



Mynd 9 – Sigurvegarinn Hulk og myndarleg æska innan Hestamannafélagsins Sprett

Æskulýðsmót Sprett 1. Maí

Æskulýðsmótið hefur verið og var einnig nú vel sótt af krökkum sem höfðu verið á keppnisnámskeiðum vetrarins. Mótið er árlegt og undirbúningur f. Gæðingamót Sprett, Börn, ungligar og ungmanni kepptu á hringvellinum í formi gæðingakeppni og máttu þáttakendur mæta með fleiri en einn hest til að sjá hvernig þeir myndu skora.

Pollaflokkur keppti inni í reiðhöll og var skipt í tvennt. Annarsvegar þeir sem ríða sjálfir og hinsvegar þeir sem teymt er undir. Teymingarhópur sýndi tölt eða brokk. Þeir sem ríða sjálfir skulu sýna tvær gangtegundir, fet og síðan tölt eða brokk. Ekki var raðað í sæti í pollaflokknum heldur fengu allir verðlaunapening

Þetta mótið er lokahnikkur á námskeiðum vetrarins og dýrmæt reynsla í keppnisbanka ungra knapa.



Mynd 10 – Keppendur í Barnaflokki á Æskulýðsmóti Spretts

Wild Country reiðtúr og grill

Farið var í stuttan reiðtúr sem hentaði ungmum aldri þátttakenda, enduðum reiðtúrinna í stóra gerðinu á Andvarasvæðinu, riðum sikkssakk milli keilna og farið í skeifukast (ekki á baki). Í verðlaun voru forláta skeifur í fínnum borða. Í lokin fengu allir safa og kex.



Mynd 11 – Mikið fjör í Wild Country Reiðtúr

Lokaorð

Í heildina erum við í Æskulýðsnefnd Spretts virkilega ánægð með síðasta starfsá og virkilega spennt á takast á við ný verkefni á frábæru félagssvæði Spretts. Ný reiðhöll mun líka efla þetta starf frekar.

Er þegar hafin mikil vinna bæði í námskeiðahaldi sem og almennu félagsstarfi til að tryggja að árið 2013 verði jafn öflugt eða öflugra en 2012.